



Borgarráð

Reykjavík, 17. september 2024
MSS24010165

Samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi Seljahlíðar, heimili aldraðra og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningu um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag Seljahlíðar, heimili aldraðra og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningu um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55, drög.



Reykjavík

DRÖGSamkomulag

Sjúkratryggingar Íslands (Sjúkratryggingar), kt. 650309-0220, og Seljahlíð, heimili aldraða (verksali), kt. 430486-1529 gera með sér svofellt samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjallaseli 55, Reykjavík, dags. 20. desember 2019, sbr. síðari breytingar.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2023 sagði borgarstjóri Reykjavíkurborgar, f.h. verksala upp ofangreindum samningi. Með samkomulagi dags. 22. febrúar 2024 komu samningsaðilar sér saman um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar hjúkrunarrýma og þar með verklokum til og með 31. ágúst 2024. Alls eru því við undirritun samkomulag þessa 14 hjúkrunarrými í rekstri í Seljahlíð.

Vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu og þröngrar stöðu Landspítala með útskrift sjúklinga með færni- og heilsumat sem bíða hjúkrunarrýma fóru Sjúkratryggingar þess á leit við verksala að fresta framkvæmd uppsagnar fram til vorsins 2025, en von er á að ný hjúkrunarrými opni um vor/sumar 2025.

Með samkomulagi þessu hafa samningsaðilar komið sér saman um frekari frestun á framkvæmd uppsagnar hjúkrunarrýma og þar með verklokum nú um tíu (10) mánuði, eða til og með 30. júní 2025.

Haldið skal áfram með flutning íbúa úr varanlegum hjúkrunarrýmum hjá verksala, sbr. samkomulag dags. 22. febrúar 2024 og vísast jafnframt til samkomulagsins varðandi nánari framkvæmd þessa. Staðan verður metin eigi síðar en 30. nóvember 2024, þ.e. hversu margir íbúar eru í varanlegum hjúkrunarrýmum hjá verksala og að þeir fái forgang í þau varanlegu hjúkrunarrými sem losna á þeirra óskaheimili.

Þar sem rekstur fárra hjúkrunarrýma er kostnaðarsamari en stærri eininga og í ljósi þeirrar stöðu sem að ofan greinir greiða Sjúkratryggingar verksala gegn framvísun reiknings **kr. 8.625.400,-** mánaðarlega í tíu (10) mánuði, frá með 1. september 2024. Greiðslan er til viðbótar greiðslum skv. ofangreindum samningi og kemur í stað þeirrar viðbótar greiðslu sem tilgreind er í samkomulagi dags. 22. febrúar 2024.

Frá undirritun samkomulags þessa skal verksali nýta öll 14 hjúkrunarrýmin sem eru laus og/eða koma til með að losna sem biðhjúkrunarrými. Biðhjúkrunarrýmin eru ætluð einstaklingum sem flytjast beint af Landspítala, eru með gilt færni- og heilsumat í varanlegt hjúkrunarrými og bíða eftir varanlegu hjúkrunarrými á öðru hjúkrunarheimili.

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur lýst yfir vilja sínum til að starfrækja sveigjanlega dagdvöl í húsnæði verksala skal miða við að fyrir þann 28. febrúar 2025 muni liggi fyrir hvaða starfsemi fari fram í húsinu og skal unnið að verklokaáætlun á þeim tíma.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með 1. september 2024 til og með 30. júní 2025. Heimild er til endurskoðunar gildistíma samkomulags þessa þegar fyrir liggur hvenær ný hjúkrunarrými í hjúkrunarheimili Hrafnistu að Boðarþingi verða tekin í notkun.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og samþykkt borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 17. september 2024

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti